

AUGLÝSING**um umferð á Sauðárkróki.**

Skv. heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefir verið ákveðið að setja stöðvunarskyldu á Aðalgötu við Strandveg.
Ákvörðun þessi tekur gildi 15. desember 1991.

Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 22. nóvember 1991.

Halldór Þ. Jónsson.

Nr. 569

AUGLÝSING

2. desember 1991

um áskriftargjald Lögbirtingablaðsins árið 1992.

Áskriftargjald Lögbirtingablaðsins árið 1992 hefur verið ákveðið kr. 1 500.
Einstök blöð kosta kr. 30,00.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 570

AUGLÝSING

2. desember 1991

um áskriftargjald Stjórnartíðinda.

Áskriftargjald hefur verið ákveðið kr. 3 000,00 fyrir árganginn 1992.
Einstök hefti kosta 100,00 séu þau minna en 50 bls., en kr. 200,00 séu þau stærri.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 571

AUGLÝSING

2. desember 1991

um gjald fyrir birtingu efnis í B- og C-deild Stjórnartíðinda.

Gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda skal vera sem hér segir frá 1. janúar 1992 að telja:

Lágmarksgjald fyrir birtingu efnis allt að einni blaðsíðu er kr. 7 000,00.

Fyrir hverja byrjaða síðu umfram fyrstu síðu greiðist kr. 7 000,00.

Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé í aukaútgáfu skal greiða með 80% álagi á framangreint gjald.

Fyrir efni sem sent er til birtingar fullfrágengið, þ.e. sett í prentsmiðjunni Gutenberg hf. og prófarkalesið, er veittur 30% afsláttur.